

**Nd.**

## **23. Frumvarp til laga**

[20. mál]

um upplýsingaskyldu stjórnvalda.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

### **1. gr.**

Rétt á hver maður á að kynna sér skjöl í máli, sem er eða hefur verið til meðferðar hjá stjórnvaldi, með þeim undantekningum, er um getur í 2. gr.

Í beiðni skal tilgreina málið, sem skjölin varða, og hlutaðeigandi óskar að kynna sér.

### **2. gr.**

Eftirtalin skjöl eru undanþegin upplýsingaskyldu:

1. Fundargerðir ríkisráðs og fundargerðir ráðherrafunda og skjöl, sem stjórnvöld hafa samið fyrir slíka fundi.
2. Skjöl um utanríkismál, er varða stjórnsmál, fjárhagsmálefni og varnarmál.
3. Skjöl, sem fela í sér upplýsingar um einhver málefni, er varða öryggi ríkisins, samskipti við erlend ríki, alþjóðlegar stofnanir eða varnir landsins.
4. Skjöl um starfsemi ríkisins eða sveitarfélaga í fjármálum, kaupgjaldsmálum eða ráðningarmálum.
5. Tillögur, uppköst, álitsgerðir og önnur vinnuskjöl, útdrættir eða skýrslur, sem stjórnvaldið sjálf hefur samið eða án lagaskyldu útvegað til afnota við afgreiðslu hjá því sjálfu. Slík skjöl skulu þó ekki vera undanþegin upplýsingaskyldu, ef í þeim felst grundvöllur rökstuðnings fyrir ákvörðun eða afgreiðslu, sbr. og 5. grein hér á eftir.
6. Bréfaskipti milli ráðuneyta um lagasetningu, þ. á m. varðandi fjárveitingar.
7. Bréfaskipti milli aðila innan sama stjórnvalds.
8. Bréfaskipti milli sveitarstjórnar og deilda, nefnda, eða stjórnaraðila hennar, eða milli þeirra innbyrðis.
9. Bréfaskipti stjórnvalda við sérfróða menn til afnota í dómsmálum eða við könnun á því, hvort höfða skuli dómsmál.
10. Úrlausnir prófverkefna, samkeppnispróf o. þ. h.
11. Skjöl, sem geyma upplýsingar um tæknibúnað eða tæknaðferðir og rekstrarhag og viðskiptastöðu, sem með hliðsjón af samkeppnisaðstöðu er nauðsynlegt, að leynt skuli fara, vegna tillits til þess aðila, er upplýsingar varða.
12. Skjöl í málum, er varða ráðningu eða stöðuhækkun í opinberri þjónustu. Þó nær undanþágan ekki til upplýsinga um nöfn umsækjenda.
13. Tilkynningar, skýrslur eða önnur skjöl í tilefni af broti á gildandi löggjöf.
14. Skjöl, sem samin eru í sambandi við fjárhagsáætlun ríkisins eða langtíma fjárhagsáætlanir.
15. Skjöl, sem varða eða snerta hvers konar persónuleg eða fjárhagsleg málefni einstaklinga, nema sá, sem í hlut á, fallist á, að menn kynni sér skjalið.
16. Skjöl, sem lögum samkvæmt eða samkvæmt ákvæðum, sem stoð eiga í lögum, eru bundin þagnarskyldu, eða til verndar annarra hagsmuna, sem leynt eiga að fara vegna sérstakra aðstæðna.

### **3. gr.**

Hugtakið stjórnvald nær í lögum þessum til ráðuneytanna og þeirra ríkisstofnana, yfirvalda, stjórna, ráða og nefnda, er undir þau heyrir, svo og annarra hliðstæðra stofnana ríkisins.

Með stjórnvöldum sveitarfélaga er í þessu sambandi átt við yfirvöld, stjórnir, ráð, nefndir, endurskoðendur, þing og fulltrúasamkomur á vegum sveitarfélaga ásamt stjórnarsýslustofnunum, er undir aðila þessa heyrir.

#### 4. gr.

Opinber skjöl eru öll skjöl í vörzlu stjórnvalda ríkisins og sveitarfélaga, hvort sem þau hafa borizt viðkomandi stjórnvaldi eða verið samín á vegum þess. Hugtakið skjal tekur einnig til uppdrátta, teikninga og mynda.

#### 5. gr.

Minnisgreinar eða aðrar skýrslur, sem samdar eru á vegum stjórnvalds einungis í því skyni að leggja mál eða erindi fyrir, eða undirbúa það til ákvörðunar, skulu eigi teljast opinber skjöl, svo framarlega að skýrslan hafi ekki verið tekin til geymslu, eftir að málið eða erindið hafði hlotið fullnaðarmeðferð af hálfu stjórnvaldsins.

#### 6. gr.

Skjal skal teljast hafa borizt stjórnvaldi, þegar það hefur verið afhent stjórnvaldinu eða starfsmanni, sem ber að veita skjalinu viðtöku eða með öðrum hætti sinnir máli eða erindi, sem skjalið varðar.

Dagbækur, bréfabækur, málaskrár eða aðrar þess háttar skrár skulu teljast til orðnar, þegar þær hafa verið fullbúnar til skráningar eða innfærslu. Fundargerðir og sambærilegar greinargerðir skulu teljast til orðnar, þegar viðkomandi stjórnvald hefur staðfest þær eða frá þeim hefur verið gengið með öðrum hætti. Önnur skjöl, sem varða tiltekið mál eða erindi skulu teljast til orðin, þegar þau hafa verið formlega afgreidd eða — ef afgreiðsla fer ekki fram, þegar málið eða erindið hefur hlotið fullnaðarmeðferð af hálfu stjórnvaldsins.

#### 7. gr.

Samkeppnisrit, tilboð eða önnur þess háttar skjöl, sem samkvæmt auglýsingu skulu afhent í innsigliðu umslagi, skulu eigi teljast hafa borizt, fyrr en kominn er sá tími, sem ákveðinn hefur verið til opunar.

#### 8. gr.

Stjórnvaldsúrskurðir, sem samkvæmt lögum, er um þá gilda, skulu upp kveðnir eða afgreiddir, svo og fundagerðir og sambærilegar greinargerðir, er slíka úrskurði varða, skulu þá fyrst teljast til orðnir, þegar viðkomandi úrskurður hefur verið kveðinn upp eða afgreiddur.

Fundagerðir frá stjórnskipuðum nefndum eða stjórnvöldum sveitarfélaga í máli, sem viðkomandi stjórnvöld fjalla um einungis til reifunar, skulu þá fyrst teljast til orðnar, þegar mál það, er fundagerðin tekur til, hefur hlotið fullnaðarmeðferð af hálfu stjórnvaldsins.

#### 9. gr.

Opinbert skjal, sem eigi ber að halda leyndu, skal, þegar til þess er mælt, þegar í stað eða svo skjótt sem unnt er, afhent án gjalds þeim, sem óskar að fá það í hendur, til lestrar eða afritunar á staðnum. Einnig skal honum heimilt að fá afrit eða ljósrit af skjalinu gegn fastákveðnu gjaldi, sem dómsmálaráðherra ákvarðar. Eigi skal þó skylt að afhenda skjal á staðnum, ef verulegir örðugleikar eru á því. Stjórnvaldi skal eigi skylt að láta í afhendingarskyni gera eftirrit af uppdrætti, teikningum eða mynd, ef erfiðleikar eru á því og unnt er að fá aðgang að skjalinu á staðnum.

#### 10. gr.

Skjal, sem halda ber leyndu einungis að hluta, skal engu að síður afhent á staðnum, ef því verður við komið með þeim hætti, að það, sem leynt á að fara, verði ekki uppvíst. Verði því ekki við komið, skal þeim, sem kynna vill sér skjalið, heimilt að fá afrit eða ljósrit af því að undanskildum þeim hluta, er halda ber leyndum.

#### 11. gr.

Tilmæli um að fá í hendur opinbert skjal skal beina til þess stjórnvalds, er skjalið er varðveitt hjá, og skal stjórnvaldið fjalla um tilmælin.

Hafi umsjá skjalsins samkvæmt starfsreglum eða gefnum fyrir mælum verið falin tilteknum starfsmanni, ber honum að taka sjálfur ákvörðun varðandi afhendingu skjalsins. Þó ber honum að hlíta í þeim efnum reglum, sem stjórnvaldið hefur sett, svo og þegar vafi þykir á leika, skjóta málinu til úrskurðar stjórnvaldsins, ef slíku verður við komið án trafala. Synji starfsmaðurinn um afhendingu skjalsins skal málinu, ef umsækjandi óskar þess, skotið til stjórnvaldsins.

#### 12. gr.

Hafi stjórnvald synjað tilmælum um afhendingu opinbers skjals og telji umsækjandi, að sá úrskurður eigi ekki stoð í lögum, skal honum heimilt eftir nánari reglum að kæra úrskurðinn til stjórnvalds í næstu embættisröð fyrir ofan stjórnvaldið, sem synjaði afhendingu skjalsins.

Úrskurður ráðherra á þessu sviði er fullnaðarúrskurður.

Úrskurður stjórnvalds sveitarfélaga verður að lokum kærður til félagsmálaráðherra.

#### 13. gr.

Óski aðili að kæra úrskurð stjórnvalds, á hann rétt á að fá vitneskju um, hversu með skuli fara.

Meðferð máls eða erindis varðandi afhendingu opinbers skjals skal ávallt hraða. Afgreiðsla skal látin kæranda í té án gjalds.

#### 14. gr.

Hafi stjórnvald undir höndum opinbert skjal, sem halda ber leyndu, og telji stjórnvaldið að gera beri sérstakar ráðstafanir til að tryggja, að eigi komi til óheimillar afhendingar, er stjórnvaldinu rétt að setja á skjalið áritun þess efnis, að um leyniskjal sé að ræða. Þess háttar áritun skal greina lagaákvæði það, sem leynd skjalsins er reist á, dagsetning áritunarinnar og hvaða stjórnvald hafi hlutast til um áritunina.

#### 15. gr.

Að því er varðar sérstakar tegundir skjala, sem mjög miklu skiptir öryggi ríkisins, að haldið sé leyndum, getur forseti Íslands mælt svo fyrir, að ákvæðið stjórnvald skuli fjalla um tilmæli varðandi afhendingu þeirra. Hafi slík ákvæði verið sett, skal í áritun á skjöl, er þau ákvæði taka til, auk þeirra atriða, sem um getur í 14. gr., tilgreina stjórnvald það, sem samkvæmt ákvæðunum er bært að fjalla um tilmæli varðandi afhendingu skjalanna. Tilmælum, sem beint er til annars stjórnvalds varðandi afhendingu skjals, sem þannig hefur verið áritað, skal án tafar að beiðni umsækjanda vísað til þess stjórnvalds, sem bært er að fjalla um málið.

#### 16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1975.

Lögin taka ekki til skjala, sem stjórnvöld hafa útbúið eða borizt hafa þeim í hendur fyrir gildistöku laganna.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur legið fyrir Alþingi á tveimur síðustu reglulegu löggjafarþingum og hefur hlotið talsvert umfangsmikla athugun í allsherjarnefnd neðri deildar. Frumvarpið er að stofni til samið af Jóni P. Emils, hæstaréttarlögmanni, að beiðni dóms- og kirkjumálaráðuneytis, með hliðsjón af löggjöf annarra Norður-

landa á þessu sviði, en ráðuneytið hefur í samráði við hann gert nokkrar breytingar á frumvarpinu og aukið við greinargerðina.

Á Alþingi hinn 19. maí 1972 var samþykkt svolátandi þingsályktun:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um, hver sé skylda stjórnvalda og ríkisstofnana til að skýra opinberlega frá störfum sínum og ákvörðunum og hvenær beri að veita þeim, sem þess óska, aðgang að reikningum og skjölum, sem almenning varða“.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu voru þeir Þórarinn Þórarinsson og Ingvar Gíslason.

Í greinargerð fyrir þingsályktunartillögunni segir m. a. svo:

„Eigi almenningur að geta dæmt um gerðir stjórnvalda og ríkisstofnana, þarf hann að eiga þess kost að geta fengið sem áreiðanlegastar upplýsingar um starfsemi þeirra og ákvarðanir. Mjög skortir nú á, að svo sé. Allt of mikil leynd hvílir yfir starfsemi þessara aðila, og reikningum þeirra og skjölum er oftast haldið lokuðum þannig, að almenningur fær ekki aðgang að þeim. Þessi leynd dregur mjög úr því aðhaldi, sem þegnarnir gætu ella veitt, og gerir erfitt fyrir þá að dæma um athafnir stjórnvalda og ríkisstofnana“.

Tillögunni var á Alþingi vísað til nefndar, sem lagði til, að hún yrði samþykkt með smávægilegum orðalagsbreytingum.

Á Alþingi urðu litlar umræður um tillöguna, áður en hún var samþykkt einróma.

Í Danmörku voru sett lög um upplýsingaskyldu stjórnvalda hinn 10. júní 1970 og Noregi um sama efni hinn 19. júní 1970. Í Svíþjóð er í gildi II. kafli prentfrelsislaga um aðgang að opinberum skjölum og lög um takmarkaðan rétt til að fá afhent skjöl, en þeim lögum var síðast breytt árið 1971. Er í frumvarpi þessu stuðzt við hin norrænu lög.

Í íslenskri löggjöf eru svo sem kunnugt er engin almenn ákvæði um upplýsingaskyldu stjórnvalda. Rétt er að hafa í huga, þegar rætt er í frumvarpi þessu um upplýsingaskyldu, að þar er um að ræða samstæðu við hið skandinavíska hugtak „offentlighet“, þ. e. að eitthvað skuli vera opinbert eða aðgengilegt fyrir almenning. Þessi samstæða er efnisleg, þótt hún sé ekki málfragsleg. — Í íslenskri löggjöf eru að sjálfsögðu dreifð ákvæði um þagnarskyldu og leyndarskyldu, og einnig ýmis ákvæði um, að tiltekna athafnir eða upplýsingar skuli vera opinberar eða aðgengilegar. Um þagnarskylduna má fyrst og fremst vísa til ákvæða í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (sbr. 32. gr. laga nr. 38/1954) svo og til almennra refsíákvæða í almennum hegningarlögum um brot á þagnarskyldu opinberra starfsmanna. Hefur þess gætt, að talið væri, að af slíkum almennum ákvæðum megi draga ályktanir um almennar leyndarreglur íslenskrar löggjafar, sem er þó fjarri lagi. Þessi ákvæði vísa til leyndarskyldu, þegar hún er fyrir hendi samkvæmt eðli máls, eða beinum lagaákvæðum, en í því felst engin almenn regla um, að upplýsingar um athafnir stjórnvalda skuli ekki veita. — Engin almenn rannsókn hefur verið gerð á raunverulegri framkvæmd í þessu efni í hinu íslenska stjórnkerfi. Í stórum dráttum má þó leiða getum að því, að upp og ofan sé í framkvæmd að allverulegu leyti svokölluð „partsoffentlighet“, þ. e. upplýsingaskylda gagnvart aðila um málefni, er varða hann persónulega, en skýra mynd af þessu er ekki unnt að fá án könnunar, sem væri mjög umfangsmikil og tímafrek. Hitt er og ljóst, að slík framkvæmd hlýtur að vera talsvert á reiki, þegar engar lagareglur setja henni úrlausnarmörk. Umræða um efnið hefur verið mjög takmörkuð og þá að sjálfsögðu mjög lauslega um það fjallað. Verður því að viðurkenna, að talsverð vandkvæði eru á að móta lagareglur um efnið, sem öruggt sé, að henti okkar aðstæðum og falli að okkar stjórnkerfi og framkvæmd þess. Liggur þá óneitanlega beinast við, að hentað geti líkar lagareglur hér á landi á þessu sviði og í þeim löndum, sem okkar stjórnkerfi er mótað eftir, þ. e. Danmörku og að nokkru leyti Noregi, en sú leið hefur verið valin, svo sem áður segir. Nokkuð hefur og verið stuðzt við sænskar lagareglur. Eins og

áður var sagt, eru nýlega sett lög um þetta efni í Danmörku og Noregi, þ. e. 1970, og er það í báðum löndunum fyrsta lagasetning um almenna upplýsingaskyldu stjórnvalda, en í Danmörku hafði 1964 skrefið verið stigið til hálf, með lagasetningu um upplýsingaskyldu gagnvart aðila. Svíþjóð, og raunar Finnland með líkum hætti sem oftar, hefur haft almenna upplýsingaskyldu samkvæmt stjórnskipun sinni í meira en 200 ár. Svo sem kunnugt er má segja, að lagakerfi Svíþjóðar og Finnlands sé byggt upp að ýmsu leyti með ólíkum hætti því dansk-norska og þar með því íslenska. — Það er því ástæða til að taka fram, að í ofangreindum frjálsum aðgangi að upplýsingum frá stjórnvöldum felst ekki endilega betri trygging réttinda borgaranna gagnvart valdi stjórnkerfisins, og felst þetta í og með í stjórnlagakerfinu, sem í Danmörk og Noregi (svo og Íslandi) byggir á hinna beinu ráðherraábyrgð „ministerial-system“, sem ekki er uppbyggð með sama hætti í Svíþjóð—Finnlandi. Ekki er tilefni til að rekja þau atriði hér fræðilega. — Undanfari lagasetninga 1970 í Noregi og Danmörku (einnig 1964 þar) voru mjög umfangsmikil rannsóknarstörf og greinargerðir margra nefnda, allt frá lokum síðasta stríðs. Einnig má segja, að þessi málefni hafi í þeim löndum verið á dagskrá um rúm 100 ár, þ. e. frá því að stjórnfrælsi fyrst var innleitt. Er þar að finna mjög fróðlegar upplýsingar um sjónarmið, sem vegast á, vandamál sem til úrlausnar koma við slíka lagasetningu og um framkvæmd löggjafarinnar, þegar hún er komin á.

#### Um 1. gr.

Þegar setja á lög um upplýsingaskyldu stjórnvalda og játa þannig rétt borgarans til að fá sem gleggsta mynd af því, sem er að gerast í stjórnsýslunni, er rétt að gera sér í upphafi grein fyrir, að þessi réttur er takmörkunum háður, eins og fram kemur í 2. gr. frumvarpsins. Þessar takmarkanir byggjast á viðhorfinu til opinberra hagsmuna og hagsmuna einstaklinganna. Spurningin er því sú, hvort gera á upplýsingaskylduna að aðalreglu, en takmarkanirnar verði undantekningar. Eða hvort leyndin á opinberum skjölum eigi að vera aðalreglan, en upplýsingaskyldan heyri til undantekninga.

Öll norrænu lögin hafa valið fyrri kostinn, og er þeirri stefnu fylgt í frumvarpi þessu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að hverjum manni sé heimilt að fá aðgang að opinberum skjölum.

#### Um 2. gr.

Í þessari grein eru taldar upp í 16 liðum undantekningar frá þeirri reglu, að upplýsingaskyldan eigi við. Eru undantekningarnar af mismunandi toga spunnar. Segja má, að þessar takmarkanir á almennri upplýsingaskyldu séu nauðsynlegar vegna öryggis ríkisins og sambands þess við erlend ríki eða sakir starfsemi stjórnvalds til könnunar, eftirlits og annarrar umsjónar eða til að koma í veg fyrir lagabrot eða koma lögum yfir afbrot eða til verndar réttmætum fjárhagslegum hagsmunum ríkisins, samfélaga og einstaklinga, með tilliti til friðhelgi einkalífsins, persónulegs öryggis, velsæmis og siðsemi. Undantekningar þær, sem hér eru taldar í 16 töluliðum eiga sér allar hliðstæður í hinum nýju dönsku og norsku lögum og mjög margar í hvortveggja lögunum.

1. töluliður. Sjálfsagt þykir að undanskilja upplýsingaskyldu fundagerðir ríkisráðsins og ráðherrafunda. Hið sama gildir um skjöl, sem samin hafa verið af stjórnvöldum til afnota fyrir slíka fundi.

2. töluliður. Utanríkismál eru undanþegin upplýsingaskyldu, þegar þau varða stjórnsmál, fjármál og varnarmál. Hér myndu helst koma til greina skjöl í vörzlu utanríkisráðuneytisins.

3. töluliður. Hér er um að tefla öryggismál ríkisins, samskipti við erlend ríki og varnarmál, sem af eðlilegum ástæðum þykir rétt að leynt fari. Oft myndu málefni undir þessum lið einnig falla undir 2. tölulið.

4. töluliður. Þessi töluliður tekur til starfsemi ríkis og sveitarfélaga í fjármálum, kaupgjaldsmálum og ráðningarmálum. Er augljóst að ekki gætu stjórnvöld gætt með skaplegum hætti almannahagsmuna á þessum sviðum, ef skylt væri að veita aðgang að þeim á hverjum tíma.

5. töluliður. Hér er um að ræða skýrslur og önnur vinnuskjöl, sem stjórnvald hefur samið til afnota við afgreiðslu hjá því sjálfu. Eru þessar undantekningar að danskri og norskri fyrirmynd, en þó þykir rétt að gera hér fyrirvara, með hliðsjón af sænskum reglum, sem ganga enn lengra í að heimila aðgang að slíkum skjölum.

6., 7. og 8. töluliðir. Þessum ákvæðum er ætlað að vernda það sérstaka trúnaðarsamband, sem er milli slíkra nátengdra aðila, sem hér ræðir um.

9. töluliður. Það er talið mundu hindra aðila í að skiptast á skoðunum um lögfræðileg vafaatriði um þessi efni, ef ekki væri unnt að halda trúnaðarleynd um þau.

10. töluliður. Efni þau, sem hér ræðir um, snerta málefni svo nátengd einkahögum manna, að rétt þykir, að norskri fyrirmynd, að undanþiggja þau upplýsingaskyldu.

11. töluliður. Þessi töluliður hefur að geyma upplýsingar um tæknibúnað og tækniaðferðir, rekstrarhag og viðskiptastöðu, en vegna samkeppnisaðstöðu er talið nauðsynlegt, að málefni þessi fari leynt. Þarna getur verið réttmætt, að sá aðili, sem hagsmuna á að gæta, geti sagt til um, hvort leyft verði að veita upplýsingar um atriði, sem snert geta viðskiptalega einkahagsmunum.

12. töluliður. Ráðning og stöðuhækkun í opinberri þjónustu á að fara leynt. Þó nær leyndin ekki til nafna umsækjenda í opinbera þjónustu. Er það í samræmi við norsku lögin. Í dönsku lögunum, sem og var í norska frumvarpinu, er ekki upplýsingaskylda um nöfn umsækjenda.

13. töluliður. Rétt þykir, að undirbúningur undir rannsókn og málsmeðferð út af broti á gildandi löggjöf fari leynt.

14. töluliður. Þessi töluliður er settur vegna samningar fjárhagsáætlunar ríkisins eða langtíma fjárhagsáætlunar, og talið rétt, að þessi málefni geti farið leynt. Mat á útgjaldatillögum og áætlanir á undirbúningsstigi eru illa fallnar fyrir upplýsingaskyldu, m. a. vegna heildarsamhengis.

15. töluliður. Hér er um að tefla mikilvæga hagsmuni einstaklinga. Koma þar til greina bæði persónuleg og fjárhagsleg málefni. Gert er ráð fyrir, að sá, sem í hlut á, geti fallið á, að menn kynni sér skjöl út af þessum málefnum.

16. töluliður. Þessi töluliður fjallar um skjöl, sem lögum samkvæmt eru bundin þagnarskyldu. Einnig er talað um vernd annarra hagsmuna, sem leynt eiga að fara vegna sérstakra aðstæðna.

#### Um 3. gr.

Í þessari grein er hugtakið stjórnvald skilgreint. Er sú skilgreining allrúm. Í 2. mgr. er stjórnvald sveitarfélaga skilgreint, en lögin ná einnig til sveitarfélaga, eins og frumvarpið ber með sér.

#### Um 4. gr.

Hér er hugtakið opinbert skjal skilgreint. Það tekur einnig til uppdráttá, teikninga og mynda.

#### Um 5. gr.

Hér er um að ræða undantekningartilfelli frá því, að skjal teljist opinbert skjal. Þessa grein verður einnig að túlka í samhengi við 5. tölulið 2. greinar.

#### Um 6. gr.

1. mgr. fjallar um það, hvenær skjal hafi borizt stjórnvaldi.
2. mgr. greinir frá því, hvenær tiltekin skjöl hafa orðið til.

Parfnast ekki skýringa. Um 7. gr.

Parfnast ekki skýringa. Um 8. gr.

Um 9. gr.

Í þessari grein er greint frá því, með hvaða hætti aðili fær aðgang að skjölum. Í fyrsta lagi skal honum afhent skjal, sem eigi ber að halda leyndu, til lestrar eða afritunar á staðnum án gjalds. Í öðru lagi getur aðili fengið afrit eða ljósrit af skjali gegn ákveðnu gjaldi, sem dónismálaráðherra ákvarðar. Stjórnvaldi er þó ekki skylt að láta gera eftirrit af uppdrætti, teikningum eða myndum, ef erfiðleikar eru á því og unnt er að fá aðgang að skjölunum á staðnum.

Um 10. gr.

Greinin fjallar um það atvik, þegar skjali ber að halda leyndu að hluta.

Um 11. gr.

Hér er það tekið fram, að tilmælum um að fá í hendur opinbert skjal skuli beint til þess stjórnvalds, sem skjalið er varðveitt hjá, og skal það stjórnvald fjalla um tilmælin. Þá er um það rætt, ef tilteknum starfsmanni hefur verið falin umsjá skjalsins, og málskot á ákvörðun starfsmannsins til stjórnvalds.

Um 12. gr.

Hér er um að ræða málskot á synjun stjórnvalds á tilmælum um afhendingu skjals. Í stuttu máli eru reglurnar þær að kæra má úrskurð stjórnvalds til stjórnvalds í næstu embættisröð fyrir ofan, allt þar til ráðherrastigi er náð. Úrskurður ráðherra er fullnaðarúrskurður, sem ekki verður borinn undir dómstóla.

Hliðstæðar reglur gilda um stjórnvöld sveitarfélaga. Úrskurðir á þessu sviði verða þar að lokum kærðir til félagsmálaráðherra.

Um 13. gr.

Um meðferð kærumála á þessu sviði hvílir upplýsingaskylda á stjórnvaldi gagnvart þeim, sem í hlut á. Afgreiðsla kærumálaskjala skal látin kæranda í té án gjalds. Málsmeðferð skal hraðað.

Um 14. gr.

Ef stjórnvald álitur, að hætta sé á, að til óheimillar afhendingar komi á skjali, sem leynt á að fara, þá ber stjórnvaldinu að setja á skjalið áritun þess efnis, að um leyniskjal sé að ræða. Í árituninni skal greina lagaákvæði það, sem leynd skjalsins er reist á, svo og dagsetningu áritunarinnar og hvaða stjórnvald hafi hlutast til um áritunina.

Um 15. gr.

Greinin fjallar um sérstakar tegundir skjala, sem mjög miklu skiptir öryggi ríkisins, að haldið sé leyndum. Í þessu tilviki getur forseti Íslands mælt svo fyrir, að ákveðið stjórnvald skuli fjalla um tilmæli varðandi afhendingu þeirra. Í reynd myndi ráðherra fara hér með heimild forseta í umboði hans.

Í áritun á slík skjöl skal greina það stjórnvald, sem bært er að fjalla um tilmæli varðandi afhendingu skjalanna.

Um 16. gr.

Rétt þykir, að lög þessi öðlist ekki gildi strax við birtingu þeirra. Hér er sett tímamarkið 1. okt. 1975. Verður að ætla rúman tíma til undirbúnings gildistöku laganna.

Rétt þykir einnig, að lögin verki ekki aftur fyrir sig, þannig að þau taki ekki til skjala, sem stjórnvöld hafa samið eða borizt hafa þeim í hendur fyrir gildistöku laganna.